

LÖG

27. mars

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tollögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25% og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept. Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 27. mars 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.